

Ed.

561. Breytingartillögur

[226. mál]

við frv. til laga um stimpilgjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Vixlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.
4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskyld ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.